

## Sverrir Ólafsson

Ágætu Rótarýfélagar og gestir.

Á starfsárinu 1990 – 1991 var margt með öðrum hætti í Rótarýklúbbum Rótarý Breiðholt en nú er. Fundir voru haldnir í Gerðubergi og klúbburinn var konulaus. Klúbbfélagar voru kallaðir skarfar og ritari tilkynnti hátíðleg á hverjum fundi að svo og svo margir skarfar væru mættir. Einhverjir skarfar voru með 100% mætingu. Það þótti slappt ef ekki fengjust 1-2 ráðherrar á ári til að koma og segja eitthvað gáfulegt. Menn létu og fjúka í kviðlingum af nokkurri kunnáttusemi.

Á þessu starfsári gegndi ég starfi klúbbritara en forseti var þá Einar S. Einarsson og klúbburinn hvorki meira né minna orðinn sjö ára. Einn félagi okkar, sem margir eldri félaga muna eftir, doktor Stefán heitinn Aðalsteinsson erfðafræðingur frá Vaðbrekku í Hrafnkelsdal, bróðir Hákonar, sem séra Hjálmar vísaði mjög til á fundi fyrir skömmu, var ekki aðeins talandi skáld heldur einnig mikils metinn vísindamaður á sínu sviði, meðal annars fyrir merkar tilraunir á sviði kynbóta á dýrum og plöntum. Flutti hann um þetta efni margar ræður á klúbbfundum félögum til fróðleiks ekki sízt þeim, sem eitthvað botnuðu í fræðum þessum. Í Annálsauka, sem gefinn var út með úrdrætti úr fundargerðum þessa starfsárs, eru dæmi um orðaskipti okkar Stefáns á þessara tíma og tildrög þeirra.

Þetta byrjaði með því, svipmót ritarans í viðleitni hans við að skrifa ábyrgar og vandaðar fundargerðir virtist fari fyrir brjóstið á erfðafræðingnum og á fundi einum kastaði hann fram eftirfarandi:

Ritari skarfa skæður,  
skráin Rótarýbræður.  
Langhund og raunaræður  
ritar dapur á skræður.

Stóð nú allt í einu upp á ritarann að svara fyrir sig og var úr vöndu að ráða. Ritarinn, reynslulaus í skáldskaparmálum, klambraði um síðir þessu saman og vísaði til merkra kynbótatilrauna Stefáns, sem jafnan hefðu hlotið verðskuldaða athygli.

Leitir hófa um lönd og sjó  
löngum þófi ollu.  
Stefán grófan göndul bjó  
og gerði tófu úr rollu.

Óvíst er um hvort erfðafræðingnum hafi þóttt nokkuð til viðleitni ritarans koma, sem þurfti að bregða sér af bæ og mætti ekki á næsta fund. Kastaði hann þessu fram á fundinum:

Stefán gerr að stöku hverri  
starfa þarf.  
Skáلكurinn verri skaut á Sverri  
og skarfur hvarf.

Eins og allir vita er hér um að ræða dverghendu frumstiklaða og síðtvíþætta, en Stefán hafði gaman af að skjóta fram vísunum undir fágætum og torræðum bragarháttum. Jafnframt er þess getið í Annálsauka að Stefán hafi boðist til að útvega ritaranum kennslubók í bragfræði fyrir byrjendur.

Svar ritarans við þessu var eftirfarandi næst, þegar hann mætti:

Bögu skolli brellinn smá  
böli olli refa.  
Fækkar rollum fjalli á  
fer um hrollur Stefa.

Hér var augljóslega skírskotað til meintra tilrauna hins hrekkvísa skálds, Stefáns, til að framleiða sameiginlegt afkvæmi melrakka og sauðkindar, sem hefði til að bera útlit og kjötgæði sauðkindarinnar en grimmd melrakkans og mundi þannig stuðla að betra jafnvægi í framleiðslu landbúnaðarafurða ef kynbættar rollur færu að éta hinar.

Þessu svaraði Austfirðingurinn Stefán á eftirfarandi hátt. Sté hann í pontu og kvað hátt og skýrt að vanda hirðskálda á söguöld, blaðlaust og af munni fram:

Margur ágirnist meira en þarf,  
maðurinn fór að veiða skarf.  
Hafði fengið fjóra.  
Elti þann fimmta og í því hvarf  
ofan fyrir bjargið stóra.

Ekki varð þetta skilið öðru vísi en svo en að ritari hafi færst of mikið í fang að dómi Austfjarðaskáldsins og væri honum nær að skammast til að klára að tileinka sér bragfræði fyrir byrjendur áður en hann heldur áfram fullfrjálsgu daðri sínu við skáldskapargyðjuna.

Nú er þar til máls að taka, að ritari heyrir viðtal við Austfirðinginn, skáldið og landbúnaðarvísindamaðmanninn á öldum ljósvakans, þar sem meðal annars er fjallað um nytsemi kattarskinna og svartra hænsna og mögulegan þátt þessara fyrirbæra í þróun landbúnaðar í hinum dreifðu byggðum landsins:

Nær hans vizkan Stefáns vítt.  
Veit hann flest, sem menn fær prýtt  
um kattarskinn, sem nú er nýtt  
til nyttsamlegra þarfa.  
Um svartra hænsna fiður frítt  
og fjallalamba viðmót blítt;  
og svo er honum heldur hlýtt  
til heiðarlegra skarfa.

Austfirðingurinn hafði ekki mikið fyrir að svara þessu; svaraði enda flestum kveðskap um hæl. Virtist við fyrstu sýn vera um nokkurt hól að ræða í garð ritara, en þegar betur var að gáð kom á daginn að það var alger misskilningur eins og eftirfarandi sléttubönd bera með sér:

Glóir mosinn hvergi hér

hittast gosa slóðir.  
Flóir brosið, ekki er  
aumur Flosa bróðir.

Við að lesa þetta afturábak kom hin raunverulega merking í ljós:

Bróðir Flosa aumur er,  
ekki flóir brosið.  
Slóðir gosa hittast hér  
hvergi mosinn glóir.

Og Austfjarðaskáldið bætir við svona til að undirstrika ofangreint:

Vísur þverr en sjö ég samdi  
og sómi að hverri.  
Átta Sverrir saman lamdi  
sýnu verri.

Að þessu tilefni semdi ritarinn frá sér eftirfarandi skot:

Stefáns raust við rymur hátt  
Í rökkri hausts á þingum.  
Það er laust, sem þykir smátt  
Í þessum Austfirðingum.

Og það stóð ekki á svarinu:

Kvæðagauk má þekkja á þvargi.  
Þó má venjast skarfsins gargi.  
Léttir kvæði af lúnum fargi.  
Lætin vaxa í fuglabjargi.

Svo virðist sem ritaranum sé farið að þykja nóg um sjálfhælni Austfjarðaskáldsins og sé jafnvel farinn að efast um nytsemi þess:

Vísur gef í sagna sá,  
sýnist magn að vonum.  
Þegar Stefán þagnar þá  
þykir gagn að honum.

Leið nú að áramótum og gengu og að sjálfsgöðu átti Stefán síðasta orðið

Á þessum tíma sést ei sólin  
Sorti og mistur hylur fólin.

Kvæði flytur Sverrir sjólinn  
Síðan koma blessuð jólin.

Segir svo í lok fyrri hluta Annálsauka, að séra Gísli hafi flutt jólahugvekju, skáldið sé farið að búa sig undir náðugar hátíðir en ritarinn boði, að mál sé að linni, enda þurfi hann ólíkt hagrðingnum frá Vaðbrekku að hafa heilmikið fyrir þessu alveg eins og þjóðskáldið Einar Ben.

Síðan var annálsauki fyrri hluta starfárs settur á þrykk og dreift meðal félagá. Ekki virðist Vaðbrekkuskáldið hafa verið þar ánægt með það framtak eins og fram kemur í upphafi hins síðari hluta Annálsauka. Ritarinn lýsti því hins vegar yfir að hann væri hættur öllu kvæðabulli enda mælirinn fullur. En ekki leið á löngu áður en kvak heyrðist frá Stefáni:

Háskaskepna er hákarlinn,  
hálfá seli gleypir.  
En ömurlegri er annállinn  
öllu í glötun steypir.

Nú gerist það og birtust um það tíðindi í blöðum, að gúmmíkelling ein hafi sprungið í loft upp í íbúð í blokk einni í Breiðholtinu með háum hveli, svo glumdi við í nærliggjandi umhverfi. Þetta varð til þess að ritarinn stóðst ekki mátið, féll frá fyrri fyrirætlunum um að hætta kvæðabulli og gerði því skóna, að nýstárlegar kynbótatilraunir væru stundaðar í íbúðablokkum í Breiðholtinu að undirlagi Vaðbrekkuskáldsins með áðurgreindum afleiðingum:

Heyrðist hvellur hár og snjall.  
Hurðir féllu að stöfum.  
Gúmmíkelling gerði kall  
grófan all í kröfum.

Handtök snör, hröð og ör  
Hendir pör á kveldum.  
Sprund á skör sprakk í för  
Spurðust svör frá Keldum.

Að sjálfsgöðu sör Austfirðingurinn og Vaðbrekkuskáldið af sér allar tilraunir í þessa veruna enda væru kynbótatilraunir á Keldnaholti aðallega stundaðar á skepnum og plöntum en ekki á fólki og sízt af öllu með milligöngu slíkra gúmmíkellinga.

Þegar Sverrir þuldi hér  
þótti af vísun mætur.  
Í huldar lindir sótti sér  
söngvaloft um nætur.

Hér þótti ritaranum greinilega vegið nokkuð að sér og sá ástæðu til að geta þess, að hann ætti ekkert af því söngva lofti, sem fyrirfannst í áðurnefndri gúmmíkellingu þótt Vaðbrekkuskáldið virðist halda það. Hann kvað:

Stefán undir stífri pressu  
stundar pot í heiður minn.  
Helzt ég vildi hann hætti þessu  
helvítiskarlandskotinn.

Þessu sá Vaðbrekkuskáldið ástæðu til að svara hvorki meira né minna en í þremur stökum:

Braga ljót var birt ein,  
bölvið ekki á mér hrein.  
Og sízt það gerði mér mein  
en minnti á Saddam Hussein.

Alltaf ég efaðist  
um átök og hnefalist  
en Skáld Sverrir sefaðist.  
Sjálfur ég kvefaðist.

Sverrir lenti í ljóðakeppni  
og lék sér mikið.  
En fyrir árans óheppni  
fór yfir strikið.

Ritarinn virðist hafa gert sér grein fyrir því, að nú hefði hann gengið of langt og séð eftir öllu saman:

Hætti ég mér í hálfgeru at.  
Heldur sagði ég mikið.  
Ætlaði meira en ég gat.  
Yfir fór ég strikið.

Eyðilagður andinn er  
upphátt sálin grætur.  
Úttaugaður, illt er mér,  
andvaka um nætur.

Ekki verður annað séð en að þessar iðrunar- og yfirbótatilraunir ritarans hafi fallið í grýta jörð hjá Vaðbrekkuskáldinu, sem sjái sér nú leik á borði og stráir salti í sárin:

Skáld, sem að kunni ekki að skapa

og skammarlegt finnst að tapa  
gjalla lét hátt úr hvofti  
hvelli úr tómu lofti.

Er þess getið í Annálsauka að hér muni líklega vera átt við sams konar loft og var í áðurnefndri gúmmíkerlingu.

En nú bregður svo við, að nokkurt hlé verður á skáldskaparmálum Vaðbrekkuskáldsins og ritarans og hugleiddu menn hvað valda mundi. Ritarinn beinir spjótum sínum að öðrum klúbbfélögum. Bjarni Eiríkur hrossabóndi fékk til að mynda þetta skot frá ritaranum, sem taldi hann eiga til að halla staðreyndum:

Þú ert maður horskur, hár,  
háttvís, spakur, tiginn.  
Þú ert líka þrjóskur, þrár,  
þrasgefinn og lyginn.

Ekki stóð á svari frá Bjarna.

Allir hafa einhvern stíl  
ég á því manninn þekki.  
Sverrir hefur sexappíl,  
sem að ég hef ekki.

Segir í Annálsauka, að ritaranum hafi þótt hólíð gott um stund en hafi þá minnst fyrrgreinds kviðlings um sannsögli Bjarna. Hafi hann þá orðið dapur á nýjan leik, er hann sá, að þessu væri kannski öfugt farið.

Og Hrafn Pálsson fékk annað skot, er það spurðist að hann væri að semja óperu, sem gengi illa að ljúka við:

Yrkja sumir einkum leir.  
Aðra hrjáir doði og slen.  
Mestir eru í músík þeir  
Mozart, Hrafn og Beethoven.

Ekki stóð heldur á svari frá Hrafni:

Grátt er orðið grínið hér.  
Gramur líð ég fyrir slen.  
En góði Sverrir geymdu þér  
að gera at í Beethoven.

Nú var þögn í skáldskaparmálum klúbbsins um hríð. Óttuðust menn að þau væru komin í óefni og farið að draga úr mætingu á fundum. Þá gerist það, að allt í einu kveður Vaðbrekkuskáldið sér hljóðs á nýjan leik:

Sverrir er enginn svoli  
Þótt sjússunum niður skoli,  
En ekki er víst að hann voli  
Þótt vísurnar illa þoli.

Angist fylgir hrösun hverri.  
Höfði lýt í angist berri  
Því ljóð mín urðu verri og verri.  
Vont er að hafa móðgað Sverri.

Hér kvað við nýjan tón iðrunar- og yfirbóta hjá Vaðbrekkuskáldinu og efaðist hvorki ritarinn né aðrir um, að það mælti af heilindum. Að vísu gat hann ekki látið það vera að vekja á því athygli, að ritarinn væri ekki aðeins drykkfelldur heldu þyldi hann lítið, hvorki vísur né annað. En það var lagt út á betri veg og þótti ekki nema sjálfsagt. Ritarinn sá jafnframt þann kost vænstan að gera þá játningu á klúbbfundi, að hann væri alls ekki í móðgun við Stefán frá Vaðbrekku og í framhaldi af því kom langur iðrunarbálkur, sem ekki verður tíundaður hér en var lesinn upp á klúbbfundi á sínum tíma. Samkvæmt Annálsauka hnyklaði Vaðbrekkuskáldið fagurhærðar brýnnar eftir þann lestur, tók sér í hönd þvælda pappírsservéttu, páraði á hana um stund, bögglaði hana síðan saman og fleygði henni frá sér þóttalega. Að því búnu stóð hann upp og mælti:

Ekki þýðir Sverri að sýna  
svona krot.  
En aftur tek ég iðrun mína  
eins og skot.

Skömmu síðar bárust þau tíðindi, að Stefán væri orðinn bankastjóri yfir norrænum genabanka á Ási í Noregi. Þetta þótti hinn mesti vegsemdarauki og óskuðu menn hinum nýja bankastjóra velfarnaðar. Ritarinn gerði það með eftirfarandi sléttuböndum:

Skarfur stóri magnar mér  
miður pena þanka.  
Þarfur stjóri orðinn er  
yfir genabanka.

Og í hógværð sinni og hlýju svarar Vaðbrekkuskáldið með hugleiðingu um að hinni jarðnesku vegferð fari kannski senn að ljúka:

Ellimörkin eru að byrja

alltaf nálgast Gullna hliðið.  
Kannski væri klókt að spyrja  
hvort þú getur ennþá stundað öll þín áhugamál.

Og bætir svo við:

Ættir heimsins áfram streyma.  
Eðli sínu þjóðir gleyma.  
Í Sverri finnst mér enn þá eima  
af eðli, sem má til að geyma.

Nýlega hefur verið dregin fram í dagsljósið Ljóðakompa, sem Hrafn Pálsson félagi vor gaf klúbbum á sínum tíma. Hefur hún að geyma skáldamál klúbbfélaga á 10. áratugnum. Úr innihaldinu mætti örugglega vinna efni í annan fyrirlestur af þessu tagi, ef menn kjósa. Lítið sýnishorn úr hinn merku bók er hér að lokum eftirfarandi fundargerð klúbbfundar um klúbbmál frá því herrans ári 1999. Rétt er að taka það fram að sé eitthvað missagt er skylt að hafa það heldur, sannara reynist:

Á klúbbfundi 29. marz 1999 urðu líflegar umræður um klúbbmál. Leifur Benediktsson reið á vaðið og hélt ræðu um aamt og þróttlaust klúbbstarf. Var ræðan mjög var anda Jóns biskups Vídalín, er hann vandaði um við klúbbfélaga sína.

*Rauk úr skálum reiðinnar  
rigndi á sálum skammirnar.  
Leifs í máli letingjar  
lykta á báli glötunar.*

Bjarni Eiríkur tók mjög undir ræðu Leifs og mæltist honum eitthvað á þessa leið:

*Mæða klúbbinn firnin flest.  
Finnast engir batar skjótir.  
Bjarni kvað það vera verst  
hvað væru menn hér fjandi ljótir.*

Átti hann þar við gamlar myndir af félögum í klúbbfélagatali, en eins og allir vita er Bjarni fallegastur í klúbbum.

Fleiri létu sig málið varða og Gísli Vigfússon hafði framsögu um starf þess vinnuhóps, sem hefur með útgáfu nýs klúbbfélagatals að gera:

*Virtist Gísli Vigfússyni  
vera helzt til bóta þá,  
að geta manna af góðu kyni  
í glæsilegri skarfaskrá.*



Nú kvaddi sér hljóðs Sveinn Hannesson og flutti hófsama ræðu enda var hann ekki að skamma ráðuneytið.

*Lýsti Sveinn, að leti og slen  
leyndist víst með okkur,  
en latari en Leifur Ben  
leyndist tæpast nokkur.*

Var gerður góður rómur að ræðu Sveins einkum þeim kafla hennar, sem fjallaði um Leif Ben. og þær miklu væntingar, sem við hann væru bundnar. Téður Leifur, sem venjulega er ósammála síðasta ræðumanni, kvaddi sér aftur hljóðs og brá nú svo við, að hann lýsti sig sammála síðasta ræðumanni. Kom þessi játning flestum á óvart, sem hafa til þessa talið Leif hinn mesta dugnaðarfork.

Þá kvaddi sér hljóðs Sigurður Már Helgason, sem kunnur er fyrir langar borðræður, enda lætur hann sér fæst mannlegt óviðkomandi.

*Sigurður úr sæti hér  
sagði að nokkur kraftur  
væri enn í sjálfum sér,  
settist hann svo aftur.*

Þessi ræða þótti stutt og laggóð miðað við lengd Sigurðar og ræðuhalda hans yfirleitt, en sjálfur er Sigurður lengri en nokkur borðræða.

Næstur kvaddi sér hljóðs fulltrúi almættisins í klúbbnum, Kristján Búason og hélt ræðu meðal annars um kristilegan kærleika og siðfræði:

*Kristján ræddi um kærleikann  
kristindóm og siðfræði.  
Klúbbinn ekki alvondan  
að afskrifa hann glapræði.*

Er Sverrir Ólafsson kvaddi sér hljóðs töldu flestir, að hann mundi segja tóma þvælu eins og venjulega. Honum mæltist eitthvað á þessa leið um áðurnefnda skarfaskrá:

*Sverrir taldi tímabært  
að tölvuvæða skrána  
svo yrði þar með flestum fært  
að fá þar innsýn nána.*

Þótti þetta furðu skynsamlegt miðað við það sem áður hefur heyrst til Sverris.

Þá segir af Stefáni Aðalsteinssyni, sem ekki blandaði sér í þessa umræðu. Af baksvipnum mátti þó helst ráða að hann teldi hana magnast hæfilega og hefði hann sízt áhuga á því að stuðla að sáttum en miklu fremur að yrkja mergjaðar stökur til að kasta fram, ef umræðan færi að lognast útaf.

*Stefán þagði og fannst um fátt,  
fór að bragði að hugsa flátt.  
Ekkert sagði hér upp hátt  
hann til lagði smátt í sátt.*

Klúbbforseti vor, Sigurður Þorkelsson var illa fjarri góðu gamni á þessum fundi, sem Ingvar Birgir Friðleifsson viðtakandi forseti stýrði í fjarveru hans. Í upphafi síðasta klúbbfundar, sem Sigurður mætti á, hitti höfundir pistils þessa Jóhönnu Guðbrandsdóttur ágæta konu hans í anddyri Gerðubergs. Aðspurð kvaðst hún vera að færa Sigurði peningaveskið, sem hann hefði gleymt heima, svo hann gæti greitt fyrir matinn eins og aðrir. Þá varð þetta til:

*Forsetanum fé var fært  
frúin þetta gaf honum.  
Telja sumir tímabært  
að taka veskið af honum.*

Verður ekki annað séð en að mönnum sé aðeins farið að förlast, þeir nokkuð farnir að gleyma og þurfi því að yngja upp í klúbbnum eða taka inn hugsandi konur eins og Guðmundur Guðbjarnarson fyrrum forseti hefur svo mjög mælt fyrir í frægri innsetningarræðu:

*Margar setur maraþon  
marga hrellir lon og don.  
Er nú klúbbsins eina von  
Ingvar Birgir Friðleifsson.*

*Apríl 1999. Toppskarfur.*